

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. júní 2014

Tilvísun: UST20140500218/bs

Fyrirhuguð breyting á veglínu Þeistareykjavegar syðri - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða færslu veglínu Þeistareykjavegar syðri á 6,6 km löngum kafla frá stöð 30.400 vestan Bæjarfjalls að stöð 37.000 suðvestan Kvíhólfafjalla.

Núverandi vegur verður nýttur sem línuvegur. Nýtt vegstæði verður að mestu á sandi orpnu hrauni sem er gróðurlítið. Á núverandi og fyrirhuguðu vegstæði eru sprungur og misgengi sem eru talin vera eitt af helstu einkennum svæðisins. Leitast verður við að fella veglínu að landi m.a. með því að forðast opnar sprungur eftir því sem kostur er og með því að fara suður fyrir stærstu sprungurnar. Efni verður tekið úr opnum námum og námum sem fjallað hefur verið um í mati á umhverfisáhrifum virkjunarinnar.

Fyrirhugðu breyting Þeistareykjavegar mun ekki hafa neikvæð áhrif á gróður. Færsla vegarins getur dregið úr truflunum við þekkt fálkaóðal. Vegurinn mun hafa nokkuð neikvæð áhrif á hraun sem er sandi orpið, en þar sem vegurinn verður að mestu leytti keyrður út á hraunið ættu áhrif að verða minni en ella. Forðast verður að leggja veginn um sprungur og misgengi eins og kostur er.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd breyting á Þeistareykjavegi muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Umhverfisstofnun hefur ítrekað bent á að nýta ætti mannvirkni sem fyrir eru ef þess er nokkur kostur og draga með þeim hætti úr umfangi mannvirkjagerðar. Umhverfisstofnun telur að gera hefði mátt ítarlegri grein fyrir nauðsyn þess að færa veglínu Þeistareykjavegar og hafa two vegi á kaflanum frá stöð 30.400 að stöð 37.000.

Virðingarfyllst

Ádalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Björn Stefánsson
sérfræðingur